

Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
04. nóv. 2010	
10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100700128/abg

Efni: Tillaga að deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 3. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi skálasvæðis við Hrafninnusker í Rangárþingi ytra.

Almennt um framkvæmd

Ferðafélag Íslands hefur átt frumkvæði að gerð deiliskipulags skálasvæðis við Hrafninnusker í samráði við Rangárþing ytra. Megin tilgangur deiliskipulagsins er að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu í sátt og samlyndi við náttúruna og koma þannig til við móts við töluverða aukningu á ferðamannastraum á svæðið. Deiliskipulaginu er ennfremur ætlað að tryggja að eðlileg viðbót og endurnýjun geti átt sér stað á núverandi húsakosti og aðstöðu. Engar stórfelldar breytingar verða á starfsemi svæðisins frá því sem nú er.

Skálasvæðið við Hrafninnusker er innan svæðis miðhálendisins og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlaða, nr. 105/2006. Skálinn í Hrafninnuskeri er merktur sem fjallasel í svæðisskipulagi miðhálendisins og er í takmörkuðu vegasambandi.

Staðhættir, Náttúrufar og náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er innan friðlands að Fjallabaki sem er friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 354/1979. Samkvæmt 5.gr auglýsingar um friðlandið þá er mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu háð samþykki Umhverfisstofnunar. Deiliskipulagið nær til 1 ha svæðis sem liggur í kringum Höskuldsskála sem stendur austan við hábungu Hrafninnuskers en skálinn stendur í um 1.028 m.h.y.s. Svæðið er gróðursnautt en útsýni frá skálanum er stórfenglegt. Reykjafjöll og Torfajökulssvæðið setja svip sinn á landið með allri sinni litadýrð. Á svæðinu er hrafninna áberandi og Hrafninnuhraun liggur norðvestan við skerið. Skáli Ferðafélags Íslands stendur í hlíðardragi og í litlum gilslakka milli Söðuls og Hrafninnuskers. Á svæðinu má víða finna íshella og gilskorningar eru oft huldri snjó. Víða við Hrafninnusker má finna mikinn jarðhita og þá mest sunnan og vestan skers.

Tjaldsvæðið er á afar miklum berangri suðaustan skálans. Engan gróður er að finna á

svæðinu og ræður þar mestu hæð yfir sjó.

Mannvirkjagerð

Heildarbyggingarmagn svæðisins er í dag 125 m², en getur orðið allt að 280 m² samkvæmt tillögu að deiliskipulagi. Er þá verið að ræða um núverandi gistiskála (Höskuldsskála) og nýtt skálavarðarhús. Skálarnir verða hitaðir með gasi og upplýstir með sólarrafhlöðum.

Á svæðinu er gert ráð fyrir 2 byggingarreitum auk tjaldsvæðis.

Á reit S-1 er 125 m² gistiskáli frá 1977. Heimilt er að byggja við skálann þannig að heildarflatarmál verði allt að 180 m². Viðbyggingin má vera aðskilin frá núverandi skála en tengd við hann með tengibyggingu. Byggingarreitur er hafður rúmur til að skapa sem mesta möguleika á þessu annars erfiða byggingarsvæði.

Á reit V-1 er heimilt að reisa skálavarðarhús allt að 100 m² að flatarmáli. Fyrirhugað er að nýta hluta skálavarðarhússins sem geymslu og gufubað.

Auk framangreindra húsa er ráðgert að reisa vindskýli á tjaldsvæði og stækka útikamarinn.

Deiliskipulagið gerir ennfremur ráð fyrir að með tíð og tíma komi 2-3 salernum til með að vera bætt við á svæðinu til að anna aukinni umferð ferðamanna.

Vegir og bílastæði

Í greinargerð kemur fram að ekki er bílfært að Hrafninnuskeri nema fyrir sérútbúna fjallabíla. Framan við skálann er bílplan og verður það óbreytt.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er gert ráð fyrir vegi að Hrafninnuskeri í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 né heldur í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands er vegur skilgreindur m.a. sem götuslóði, gata, bifreiðastæði. Enginn skilgreindur vegur liggur að skálanum en þeir sem hafa ekið með trúss að skálanum hafa fylgt vetrarakstursleiðum en heimilt er að aka á frosinni og snævi þakinni jörð samkvæmt fyrrgreindri reglugerð.

Umhverfisstofnun hefur lögum samkvæmt umsjón með friðlandinu og hefur stofnunin ekki gefið heimild fyrir sitt leyti að opna fyrir umferð í Hrafninnusker. Að mati stofnunarinnar er ekki fyrir séð hversu víðtæk umhverfisáhrif veglagning að Hrafninnuskeri yrði og telur því óvissu ríkja þar um. Umhverfisstofnun bendir ennfremur á að vegagerð á verndarsvæðum er tilkynningarskyld framkvæmd skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Frárennsli og rotþrær

Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila þá er ómögulegt að koma fyrir rotþró og siturlögn í Hrafninnuskeri vegna aðstæðna á svæðinu. Leyfi liggur fyrir frá heilbrigðisfulltrúa um að skólphreinsun sé framkvæmd með safntönkum og þurrsalernum samkvæmt grein 13.5 í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp. Seyru frá þurrsalernum skal fargað samkvæmt reglugerð 799/1999.

Umhverfisstofnun bendir á misræmi í greinargerð framkvæmdaraðila því einnig kemur fram að frágangur á rotþró og siturlögnum sé samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp og samkvæmt leiðbeiningarriti nr. 03/01 frá Umhverfisstofnun og ekki sé því skýrt hvor lausnir er notuð í Hrafninnuskeri.

Neysluvatn

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi við öflun neysluvatns fyrir svæðið. Kalt vatn er fengið úr vatnslind sem sprettur upp um 12 m fyrir neðan skálann. Lindin er í snarbröttu gili í um 120 m fjarlægð vestur frá skálanum. Úr lindinni rennur vatnið í leiðslu að kaldavatnsdælu sem er um 25 m fyrir neðan skála. Dælan er knúin rafmagni sem knúin er með gufuskilju frá nálægum jarðhver. Neysluvatninu er dælt upp um 120 m upp í ryðfrían 10 þús. lítra ryðfrían stálbrunn sem grafin er í jörðu norðvestan við skálann. Um vatnslindina gildir vatnsvernd og fer hún eftir ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 „um varnir gegn mengun vatns“ sbr. reglugerð nr. 533/2001 og er brunnsvæðið og grannsvæðið merkt á deiliskipulagsupphætti.

Upphitun á skála og rafmagn

Heitur jarðhver er í gili skammt vestur af Höskuldsskála. Gufa er leidd að hitaskilju sem annarsvegar framleiðir rafmagn og hinsvegar knýr lokað hringrásarkerfi sem fyllt er með frostlegi og heldur skálanum heitum árið um kring. Kerfi þessi eru vöktuð og yfirfarin á hverju ári.

Rafmagn og fjarskiptalofnet

Samkvæmt deiliskipulagstillögu er heimilt að koma fyrir sólarrafhlöðu í tengslum við húsin með tilheyrandi búnaði til notkunar í skálanum og skálavarðahúsi.

Einnig er heimilt að reisa allt að 10 m hátt fjarskiptalofnet sem lið í öryggisbúnaði á fjöllum. Áætlað er að setja loftnetið utan á eða ofan á hús. Loftnetið á að hafa matta áferð og vera sem minnst sýnilegt, og nær ósýnilegt í 1 kílómeters fjarlægð

Heimilt er að setja þokulúður eða skæran ljósabúnað á loftnet eða skála sem lýsir frá sér í dimmri þoku eða á neyðarstundum. Heimilt er að koma fyrir sólarrafhlöðu á skálum með tilheyrandi búnaði. Frá öllum slíkum búnaði skal gengið frá samkvæmt gildandi reglum Póst og fjarskiptastofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Brunamálstofnunar.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um fjarskiptalofnet ábótavant. Að mati stofnunarinnar kann umrætt 10 m fjarskiptalofnet verða mjög sýnilegt, sér í lagi ef um er að ræða fjarskiptaturn. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets ásamt sýnileikakorti og frekari umfjöllun um hugsanleg áhrif þess.

Tjaldsvæði og skýli

Á svæðinu er eitt tjaldsvæði á 0,6 ha svæði á berangri suðvestan við skálann. Deiliskipulagstillagan gerir áfram ráð fyrir tjaldsvæði á sama stað. Tilhneiging hefur verið hjá ferðamönnum að tjalda á stærra svæði en því sem skipulagt er sem tjaldsvæði og hlaða upp litlum byrgjum úr því grjóti sem fyrir hendi er til að skýla tjöldunum.

Innan tjaldsvæðisins er útikamar sem ráðgert er að stækka og einnig ráðgert er að koma fyrir allt að 50 m² vindskýli sem er að hluta yfirbyggt en að öðru leyti opið. Í skýlinu skal komið fyrir vaski með köldu vatni ásamt einfaldri eldunar- og grillaðstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram hvort fyrirhugað vindskýli verði sambyggt eða nálægt núverandi útikamri. Umhverfisstofnun mælist til að vindskýlið verði staðsett sem næst kamrinum til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að nauðsynlegt sé að afmarka núverandi tjaldsvæði betur svo tjaldsvæðið breiði sem minnst úr sér.

Skjólveggir og girðingar

Óheimilt er að reisa girðingar á svæðinu sem hindrað geta aðgengi gangandi fólks. Deiliskipulagið gerir þó ráð fyrir að reistir verði skjólveggir innan byggingarreits í tengslum við hús. Þeir skulu útbúnir þannig að þá megi leggja niður að hausti eða þeir gerðir úr náttúrugrjóti af svæðinu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að útlit þeirra og litaval sé í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu. Stofnunin telur að ef eigi að notast við grjót af svæðinu þá þurfi að meta þá framkvæmd sérstaklega enda gæti hún haft í för með sér töluvert rask.

Gróður og náttúruminjar

Í greinargerðinni kemur fram að svæðið sé nánast gróðurvana og þá aðallega vegna hæðar svæðisins yfir sjó. Viðkvæman gróður er þó að finna í giljum utan deiliskipulagsreitsins. Óheimilt er að gróðursetja hvers konar plöntur á svæðinu.

Göngustígar, merkingar og upplýsingaskilti

Heimilt er að merkja göngustíga og setja upp upplýsingaskilti innan skipulagsreits. Leitast verður við að samræma útlit og gerð skilta og skulu þau þola veðurálag. Sérstaklega skal varað við vályndum veðrum og jarðhita í jörðu og undir snjófönnum þar sem þar geta myndast ishellar sem geta brotnað við umgang.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að göngustígar séu vel afmarkaðir og vel við haldið til að hlífa viðkvæmri náttúru við óþarfa álagi.

Mengun og sorp

Með aukinn fjölgun ferðamanna eykst álagið á fráveitukerfi skálanna. Engin vatnssalerni eru á svæðinu og er ekki ráðgert að koma þeim fyrir. Seyru frá kömrum er fargað samkvæmt reglugerð nr. 799/1999 og leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlitsins.

Vatnsból er í lítilli hættu á að mengast við venjulegar aðstæður ef kamrar eru tæmdir reglulega.

Ætlast er til að hver gestur sem kemur í Hrafninnusker taki allan umbúðir og sorp með sér þegar svæðið er yfirgefið.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi stöðugar vöktunar svæðisins m.t.t til kamranna og varfærni við flutning á seyru þar sem vatnslindin liggur neðar í landinu en skálasvæðið og eykur það líkur á mengun vatnsbólsins.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð kemur fram að skálinn sjáist úr nokkurri fjarlægð og að það sé á vissan hátt heppilegt út frá öryggissjónamiðum.

Sjónræn áhrif eru því töluverð þegar komið er á svæðið. Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum utan skálaráðhúss og vindskýlis, en aðrar framkvæmdir eru viðbyggingar/stækkanir á eldri húsum. Í greinargerðinni kemur fram að auðvelt sé að fjarlægja byggingarnar og afmá ummerki um þau og þessar framkvæmdir séu því afturkræfar. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir því að í fyllingu tímans verði 2-3 salernum bætt við og að heimilt sé að reisa skjólveggi í tengslum við hús.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að mannvirki falli sem best að landi og að þau verði máluð í jarðlitum. Einnig er nauðsynlegt að byggingar hafi svipað byggingarlag til að heildarsvipmót svæðisins haldist.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að Hrafninnusker er innan friðlands að Fjallabaki og samkvæmt auglýsingu um friðlandið þá er mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu háð samþykki Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt hefði verið að hafa samráð við stofnunina á fyrri stigum málsins en ekkert hefur verið leitað til stofnunarinnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki liggur fyrir verndaráætlun fyrir friðlandið og því mikil þörf á samræmingu á skipulagsstigi. Stofnunin telur að rúmlega tvöföldun byggingarmagns á svæðinu sé mikil framkvæmd mjög viðkvæmu svæði og bendir á að ekki liggi fyrir upplýsingar um þolmörk svæðisins.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um frárennsli og rotþrær vera ófullnægjandi, ekki kemur skýrt fram í greinargerðinni hvaða aðferð á að nota á svæðinu til að koma í veg fyrir að skólþ valdi mengun. Einnig telur Umhverfisstofnun ekki koma nægilega vel í ljós í greinargerðinni væntanleg staðsetning vindskýlis á tjaldsvæðinu. Umhverfisstofnun telur einnig að umfjöllun um fjarskiptalofnet sé ekki fullnægjandi. Að mati Umhverfisstofnunar hefði þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets ásamt sýnileikakorti og frekari umfjöllun um hugsanleg áhrif þess. Stofnunin bendir einnig á að enginn skilgreindur vegur liggi að skálanum og að vegagerð á verndarsvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu auk þess að vera leyfisskyld framkvæmd samkvæmt ákvæðum auglýsingar um friðlandið. Óvissa ríkir því um umhverfisáhrif veglagningar að skálanum.

Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að vinna skipulag fyrir svæðið. Stofnunin mælist þó til þess að sveitarfélagið samþykki ekki framangreinda skipulagstillögu, en leggur til að samráð verði haft í vetur um framtíð svæðisins sem byggð verði m.a.á þolmarksrannsóknunum, gerðar verði kröfur um samræmt útlit, litaval og ákveðið verði hvert er hámarks byggingarmagn svæðisins. Telur Umhverfisstofnun að stofnunin eigi að koma að þeirri vinnu og mun hún jafnframt taka þátt í kostnaði við gerð framangreindra þolmarkarannsókna.

Virðingarfyllt

Kristín L. Arnadóttir

Forstjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir